

Popp

FIMMTUDAGUR

● **Tómas R. Einarsson & Agnar Magnússon** djassgeggjarar fremja djass á Blúsbarnum í kvöld.

● **Bleeding Volcano** spilar fljótandi fjallarokk á Púlsinum í kvöld ásamt

● **Ham**, sem gerir sitt til að koma fjöllumum aftur í fast form. Því er óvæntra og skemmtilegra rokk-sveifla að vænta á Púlsinum með Ham og Spúandi eldfjalli.

● **Megas** og stórsveit hans halda tónleika í Íslensku óperunni í kvöld, þar sem meðal annars heyrnist umdeilt gleðirokk og ról.

● **Íslenskir tónar** hafa Ottó nas-hyrning á sínum snærum; manninn sem lenti í þriðja sæti í Söngvakeppni framhaldsskólanna og ásamt tveimur öðrum brá sér til gömlu Sovét í eftirminnilega tónleikafor fyrir fáeinum árum. Piltarnir, þeir Ottó, Snorri, Finnur, Páll og Þórir, eru flestir sjálfmenntaðir popparar, ákveðnir í að leggja land undir fót og slá í gegn á erlendri grundu. Tónleikar þeirra í kvöld verða í Rósenbergkjallaranum og hefjast stundvíslega klukkan tuttugu og þrjú. Einn besti plötusúður landsins verður einnig á svæðinu; hinn rauðbirkni Þóssi.

● **Af lífi og sál** spila af mikilli innlífun á Gauknum.

● **Silfurtónar** leika tónverk í Borgarvirkinu.

FÖSTUDAGUR

● **Snæfríður og stubbarnir**, hinir æruverðugu gleðigjafar frá höfn hins heilaga Þorlaks, kynja á dyr Fógetans í kvöld og dvelja þar uns sunnudags-sólin særir augu vor. Snæfríður og stubbarnir eru engin Mjallhvít og dvergarnir, þótt fágún sé viðhöfð í hvívetna, heldur líflæg hlómgrúpa.

● **Tónlistardagur og Ólhátíð** eru enn í fullum gangi. Á Púlsinum verður í kvöld slegið upp mikilli veislu í tilefni Tónlistardags. Írskættaðir Papar leika þjóðlagarokk, lítri af bjór kostar 600 krónur, snafsinn verður ódýr, kynnt verður eitthvað ætílegt frá Goða og í tilefni dagsins verður slegið heimikið af miðaverði. Þeir sem fara hins vegar á Keflavíkutónleikana og á Lífun í Háskólabíó geta notað miðana sína sem boðsmíða á Púlsinn, bæði föstudags- og laugardagskvöld.

● **Sniglabandið** treður upp fyrsta kvöldið á endurnýjuðum skemmtistað sem ber nafnið Valtýr á grænni treyju en hét áður Grjótið. Þetta þýðir sjálfstætt að að Bjossi Baldurs, fyrrum eigandi Grjótsins, hefur snúið sér alfarir að fluginu. Af hverju staðurinn ber nú nafnið Valtýr á grænni treyju er of langt mál til að rekja hér í þessum dalki. Þar sem bjórvika er á staðnum ætla Sniglabandið ekki að spila lög eins og Speedin' Down the Freeway eða Flying High heldur lög í anda Hæ dulla, dulla, dulla dei.

● **Viðar og Þórir** leika ekki einasta kántrí í Borgarvirkinu heldur líka rokk og ról.

● **Sálin hans Jóns mín** er enn söm við sig; þeir eru rokkaðir, kynþokkakullir, fallegir og snjallir, að minnsta kosti að dómi ungra stúlkna, — frumlegheitin látum við liggja á milli hluta. Þeir rokka á Tveimur vinnu í kvöld á meðan annar þeirra verður í frii.

● **EK-bandíð** á svölíðið skýlt við KK-bandíð, enda er Ellen Kristjánsdóttir, sú sem skemmtiðunin EK stendur fyrir, systir KK, Kristjáns Kristjánssonar. Þau fara hins vegar öllkar leiðir í tónlist því Ellen ætlar að halda sig alfarir við blús og djass á Blúsbarnum í kvöld og annað kvöld með þeim Eyþóri Gunnarssyni og Sigurði Flóasyni. Óhætt er að mæla með helginni á Blúsbarnum, því Ellen tekst best upp í þessum tveimur tegundum tónlistar.

● **Exizt** virðast komnir aftur á fulla ferð eftir smálé í bransanum. Í kvöld hefja þeir aftur flugið á Gauk á Stöng.

● **Rokkvalsinn** er rafmögnuð harmonikka og rafmagnaður gítar. Þeir tveir, sem hljómsveitina skipa, fremja rokkaðan vals á skemmtilegan hátt og nú á Rauða ljóninu.

LAUGARDAGUR

● **Snæfríður og stubbarnir** dvelja enn á Fógetanum, enda ætlunin að gera það uns sunnudagssólin særir augu fólks.

● **Papar** skemmta enn á Púlsinum og enn er bjórinn ódýr og boðið upp á pylsur í tilefni Tónlistardags og Ólhátíðar.

● **Sniglabandið** verður á allt öðrum búxum í kvöld en í gærkvöldi þegar þeir tóku Hæ dulla, dulla... Í kvöld ætla þeir að frumsýna nýtt lag í fjórskiptum takti á Tveimur vinnu og öðrum í frii er ber nafnið Geðræn sveifla og er í bossanóvásti. Þessi leikþáttur er spuni sem Skúli Gauta hefur haldið utan um og gæti farið í óvæntar áttir. Enda mun Sniglabandið sem endranær ganga breiðu brautina.

● **EK-band**, skipað þeim Ellen, Eyþóri og Sigurði, spilar blús og djass á Blúsbarnum.

● **Exizt** fer sínar eigin flugleiðir á Gauknum annað kvöldið í röð.

● **Rokkvals** spilar meira af rokkuðum völsun en nokkur annar hér á landi. Skyldi engan undra! Þeir verða á Rauða ljóninu.

● **Viðar og Þórir** leika rokk í Borgarvirkinu.

SUNNUDAGUR

● **Sigurverkið** er fremur ný sam-suða blúshugamanna sem eru undir áhrifum frá Cajun og Zydeco. Þeir spila á sérstök blúskvöldi á vegum Íslenska blúsfélagsins, sem er orðið um 200 meðlima áhugafélag. Sveitin spilar órafmagnaðan blús með þeim Dan Cassidy fíðuleikara og Deane, kontrabassaleikara úr Sinfóníunni, og fjórum meðlimum úr hljómsveitinni Fressmönnum.

● **Kjartan Valdimarsson og Gunnlaugur Guðmundsson** eru fráberir hljóðfæraleikarar. Á Blúsbarnum fremja þeir blús sem er bæði góður fyrir augað og eyrað.

● **Leyndarmál** er hvorki hljómsveit, kvartett né trió — það er bara einfalt leyndarmál. Einhver hljómsveit ætlar að æfa eitthvert efni upp á Gauknum og hljómsveitin sú vill ekki láta nafns getið, einhverja hluta vegna.

Sveitaböll

FÖSTUDAGUR

● **Höfði í Vestmannaeyjum** verður heimsóttur af Herbert Guðmundssyni og hljómsveit hans, Herbertstrasse, og munu þeir leika þar popp og rokk. Can't walk away var nú bara með þeim betri.

● **Edinborg í Keflavík** fær stórsveitina Stjórna til liðs við sig með rokkballöður og fleira fint.

● **Þotan í Keflavík** fær Nýdanska í heimsókn. Það verður samsagt mikið fjór í Keflavík í kvöld.

● **Sjallinn á Akureyri**: Ingimar Eydal leikur fyrir sitt fólk.

LAUGARDAGUR

● **Félagsheimili Ólafsvíkur**: Stjórnin fer alla leið frá Keflavík til Ólafsvíkur og er komin í sveitaballa-stuð.

● **Þotan í Keflavík**: Þúsund andlit leika fyrir dansi.

● **Sjallinn á Akureyri**: Loðnar rottur í heimsókn.

Barir

Blúsbarninn naut mikilla vinsælda um hríð, hann var svolítið út úr, svolítið spes og umfram allt var þar boðið upp á blústónlist endrum og eins, þrátt fyrir að oftast er ekki fengju einhverjir djassamingjar að troða þar upp gestunum til sárrar armaðu. Síðan lenti staðurinn í einhverjum slæmum málum og var lokað um hríð. Fyrir nokkrum vikum var hann svo opnaður að nýju. Sannast sagna hefur staðurinn voða lítið breyst, nema hvað hann er ekki lengur „in“ eins og hann megnaði þó um nokkurt skeið í fyrri lífi. Án þess að maður verði beinlínis var við nokkrar breytingar á ytra byrði virðist sál staðarins hafa breyst til hins verra. Það er orft að skilgreina breytinguna nákvæmlega... það er helst eins og að Blúsbarninn hafi skyndilega fengið á sig formæka-yfirbragð, þar sem áður svifu léttskandinavískir andar yfir vötnum. Reyndar var það nú svo að drykkjumaður PRESSUNNAR var einmitt að koma af Clint Eastwood-myndinni Hinir vægðarlausu þegar hann ákvað að smella sér inn á Blúsbarninn og hann gat ekki varist þeirri hugsun að þar væri komið svar Íslands við hinum óteljandi knæpum vestrarmyndanna. Hið elna, sem vantaði, voru vængjahurðirnar. Að öðru leyti var flest með svipuðu sniði. Við borðin sátu menn einir og supu á og þeir fáu, sem þó héldu uppi samræðu, þögnðu þegar ákomufólkið kom inn. Ég geri ráð fyrir að svona staðir þurfi að vera til, en þeir eru ekkert sérstaklega skemmtilegir. Meðal annarra orða vill drykkjumaður PRESSUNNAR svo sérstaklega fagna yfirfyrir sögu forsætisráðherra á Stöð tvö þar sem hann játaði kinnroðalaust að hafa verið við skál í Leifstöð forðum. Hins vegar er óskiljanlegt hvornig Halli Hallssyni tókst að vera jafnbjánalegur og raun þar vítni og það öldungis edrú! ☺

Jarmusch sýndu einu sinni á hreyfimyndahátíð

Hreyfimyndafélagið er nýr kvikmyndaklúbbur sem starfar á vegum háskólastudenta og efnir til kvikmyndahátíðar í Háskólabíó sem hefst á föstudaginn og stendur í viku. Hátíðin ber yfirskriftina Harðfiskur, sem er vissulega alveg óskiljanlegt. Það breytir því þó ekki að ýmislegt forvitnilegt er að sjá á hátíðinni og ber þar langhæst bítmyndina Night on Earth, nýjasta verk leikstjórans Jims Jarmusch, sem er líklega vinsælasti höfundur „kúlt“-mynda í heiminum.

Jarmusch varð frægur fyrir litla einfalda mynd sem hét Stranger than Paradise, sprenglægleiga mynd gerði hann síðan og kallaði Down by Law, en þegar hann gerði Mystery Train fannst manni að hann hlyti að slá í gegn á heimsvísu. Svo var þó ekki og hann er ennþá miklu vinsælli í Frakklandi og Evrópu en í heimalandinu Bandaríkjunum.

Í Night on Earth segir hann fimm smásögur sem allar gerast í leigubíl, í fimm borgum: Los Angeles, New York, París, Róm og Helsinki. Að því leyttinu minnir hún dálítið á Mystery Train, en þar var þremur smásögum fléttad saman.

Með aðalhlutverk fara ekki ófrægari leikarar en Beatrice Dalle (sem er sögð ástkona Jarmusch), Gena Rowlands, Ítalinn Roberto Begnini og Rosie Perez, sem fer á kostum í myndinni Hvítir menn geta ekki troðið.

Ef að líkum létur verður Night on Earth aðeins sýnd einu sinni, klukkan nú á föstudagskvöldið. Dreifingarfyrirtæki hefur reynt að koma myndinni í almennar sýningar í bíói hér en gengið treglega.

Myndlistarrefill Mokka kaffis

Þeir eru ekki færri en 35 myndlistarmennirnir sem koma við sögu á sýningu sem þessa dagana stendur yfir á Mokka kaffi. Eða kannski mætti kalla þetta gjörning, því á hverjum morgni, svona um tíuleytið, kemur á kaffihúsið listamaður og gerir það sem honum sýnist á svosem 45 fersentímetra af 16 metra löngum og 50 sentímetra breiðum refli sem hefur verið strengdur á veggina.

Þetta eru heldur engir aukvisar í myndlistinni, enda hafa listamenn löngum verið með tryggari stammgestum á Mokka. Við getum nefnt: Magnús Tómasson, Kristján Guðmundsson, Daða Guðbjörnsson, Guðmundu Andrésdóttur, Þorvald Þorsteinsson, Magnús Kjartansson, Hannes Lárusson, Ásgerði Búadóttir, Ragnheiði Jónsdóttir, Georg Guðna, Jón Axel Björnsson, Sigurð Örlýgsson, Rúri, Helga Þorgils, Braga Ásgeirsson, Tolla og Tuma Magnússon.

Það er Hannes Sigurðsson listfræðingur sem stendur fyrir uppátækinu en hann segir að „öfugt við myndlist póst- modernismans úti í löndum,



Staðarhaldarar á Mokka, Guðný og Guðmundur, utan við kaffihúsið gamalgróna.

sem stöðugt hafi verið að brotna niður í fleiri isma, grúppur og undirgrúppur þar sem hver höndin er upp á móti annarri, sé hér um einstaklega óvenjulegan samruna að ræða“.

Silfurtónar í Borgarvirkinu

Sú uppákoma verður í Borgarvirkinu í kvöld, fimmtudagskvöld, að forráðamenn þess ætla að taka hliðarskref frá kántrinu og bjóða upp á nýja, íslenska og ferska Silfurtóna.

Þegar PRESSAN spurði eigendur Borgarvirkisins hverju þetta sætti varð lítið um svör því þeir vilja ekki að svo komnu máli gefa upp hvert stefnir í málefnum Borgarvirkisins. Engu að síður eru tónleikarnir sögulegir og marka viss tímamót. Staðsetning Borgarvirkisins er sérlega góð og ef fram heldur sem þarfir munu fleiri en kántriunnendur renna híru auga til staðarins og fara líta inn í leiðinni upp Laugavegin og jafnvel staldra við um stund. Silfurtónar ætla að halda ærlega tónleika, setja



Það verður söguleg stund í Borgarvirkinu er Silfurtónar stiga fram á sviðið.

Valtýr í stað Grjótsins

Sagan um Valtý á grænu treyjunni er gömul og drungaleg lyga-saga. Hún segir frá manni nokkrum sem hné niður eftir að hafa verið stunginn austur á Egilsstöðum. Á dauðastundinni hljóðaði eina setningin sem upp úr honum kom á þessa leið: „Valtýr á grænni treyju.“ Svo stundi hann og dó. Þar sem menn taka orð dauðvona manns alvarlega var strax farið að skima eftir Valtý þessum. Eftir skamman tíma fannst hann og var enn á grænu treyjunni. Hann var hengdur fyrir morðið á Gálghæð, þrátt fyrir að hann neitaði verknáðinum staðfastlega. Mönnum til mikillar skelfingar var höndin höggvin af manninum og hegnd fyrir utan kirkjudyrrnar. Þar hékk hún lengi, lengi uns einn góðan veðurdag að þar birtist maður nokkur. Um leið og hann gekk inn kirkjudyrrnar fór blóð að drjúpa úr hendinni. Menn urðu felmtir slegnir yfir þessum atburði og dýktuðu sem svo að vitlaus maður hefði verið drepinn. Við nánari rannsókn kom í ljós að svo hafði verið.

Þetta var sagan á bak við Valtý á grænu treyjunni sem nú er heitið á skemmtistaðnum Grjótið eftir að þar áttu sér stað eigendaskipti. Það eru þeir Þórarinn og Frimann frumlegi sem tekið hafa við rekstrinum. Í tilefni þessa verður Bítburger pils seldur á vægu verði fram yfir helgi — með öðrum orðum verður aðkennning af bjórshátíð á Valtý frameftir næstu viku.